

tær sýn

Það er ekki á hverjum degi sem tækifæri gefst til þess að virða fyrir sér eina glæsilegustu þakíbúð sem fyrirfinnst á landinu. Miðsvæðis í Reykjavík má finna nýja, stórglæsilega og óvenju íburðarmikla íbúð á efstu hæð í fjölbýlishúsi, sem má með sanni kalla lúxusþakíbúð. Lifun átti stefnumót við eiganda íbúðarinnar, ásamt arkitektinum sem hannaði hana frá A-Ö.